

Fundargerð 523

Fimmtudaginn 27. apríl 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Fosshótel, Húsavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH) og Sigurjón Þórðarson (SP). Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Björgvin Ingi Ólafsson (BÍÓ) frá Deloitte (við dagskrárlið 6), Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:10 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerðir funda 520, 521 og 522 - til afgreiðslu
2. Áhættuskýrsla Q1 - til kynningar
3. Lánamál - til kynningar
4. Framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar
5. Eftirlit Byggðastofnunar með póstmálum - til kynningar
6. Ný stefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
7. Styrkjarottar Byggðaáætlunar - til kynningar
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerðir funda 520, 521 og 522 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja fundargerðir síðustu þriggja stjórnarfunda nr. 520, 521 og 522 til afgreiðslu.

Til máls tóku ÓH og SP.

Formaður bar fundargerðirnar upp til samþykktar og voru þær allar samþykktar samhljóða.

2. Áhættuskýrsla Q1 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla Byggðastofnunar vegna fyrsta ársfjórðungs 2023 sem EHP kynnti. Var stofnunin innan allra markmiða og viðmiða sem sett eru í áhættustefnu.

Til máls tóku GP, HÁ, AME, HP, ÓH og SP.

3. Lánamál - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir afgreiðslur lánanefndar frá áramótum auk fundargerða lánanefndar nr. 13/23-16/23 sem HP kynnti.

Til máls tók GP.

4. Framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla um framkvæmd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem MH kynnti. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé um kynbundinn launamun að ræða hjá stofnuninni.

Til máls tóku ÓH, SP, KB, MaH, AME og MBJ.

5. Eftirlit Byggðastofnunar með póstmálum - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs til stjórnar um stöðu póstmála sem HÁ kynnti. Ræddi hann um aðgengi að pósthjónustu og ákvörðun stofnunarinnar um endurgjald til handa Íslandspósti vegna alþjónustu á árinu 2022 (Á-2/2023). Þá hefur stofnunin til meðferðar nokkur kvörtunarmál og hefur fjallað um þjónustubreytingar Íslandspósts innan alþjónustu. Að auki hefur Byggðastofnun verið innviðaráðuneytinu innan handar vegna erindis ESA varðandi innleiðingu póstillskipunar Evrópusambandsins í íslenskan rétt.

Til máls tóku GP, ÓH, AME, MBJ og GP. Rætt var hvort Byggðastofnun gæti haft áhrif á lagabreytingar tengt póstmálum og sett skilyrði um staðsetningu og aðstöðu við póstbox.

6. Ný stefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

BIÓ tengdist fundinum í gegnum Teams. Fyrir fundinum liggur ný stefnumótum Byggðastofnunar sem BIÓ kynnti.

Í stefnunni er fjallað um hlutverk, framtíðarsýn og gildi Byggðastofnunar.

Til máls tóku ÓH, GP, KB, MaH, MBJ, AME og SP.

Formaður bar upp stefnu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

AME þakkaði Deloitte og BIÓ fyrir samstarfið og leiðsögn þeirra.

BIÓ vék af fundi.

7. Styrkjapottar Byggðaáætlunar - til kynningar

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti styrkjapotta í byggðaáætlunar sem Byggðastofnun heldur utanum.

Um er að ræða:

- A.9. Verslun í dreifbýli
- A.10. Almenningsamgöngur milli byggða
- B.7. Óstaðbundin störf
- C.1. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða

Til máls tóku MaH, MBJ, GP, ÓH og SEP.

SÁ vék af fundi.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit um framfylgd starfsáætlunar sem SEP kynnti.

Til máls tóku SP, AME, MBJ og ÓH.

Rætt var um að hafa sérstaka umræðu um aflamark Byggðastofnunar á stjórnarfundi. Stjórnarformaður áminnti stjórnarmenn um að gæta hófs í umræðu um stofnunina á opinberum vettvangi.

MH fór yfir rekstur stofnunarinnar.

9. Önnur mál

Ársskýrsla Byggðastofnunar

SEÐ upplýsti um að ársskýrslan yrði ekki prentuð út að þessu sinni heldur yrði hún aðgengileg á netinu eingöngu.

10. Næsti fundur

AME ræddi að næsti fundur yrði 2. júní á Sauðárkróki.

MBJ þakkaði stjórn og starfsfólki fyrir frábært samstarf þar sem hann færi nú úr stjórn og sleit fundi kl. 11:34.

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Sigurjón Þórðarson